ÚTILÍFSSKÓLI SKÁTA

Upplýsingabréf 3 til stjórnenda, 25.5.2020

SKÁTARNIR

Síðar í þessari viku hefjast skyndihjálpanámskeið og í næstu viku eru haldin öll almenn námskeið fyrir starfsfólk útilífsskólanna.

Námskeið fyrir 17 ára og eldri

Ætlast er til þess að allt starfsfólk 17 ára og eldri mæti á stjórnendanámskeið í skátamiðstöðinni 3. – 5. júní. Starfsfólk sem sinnir stöðu aðstoðar- eða skólastjóra í fyrsta sinn í sumar þarf að mæta alla dagana en **þau sem hafa starfað annað sumar hjá Útilífsskólanum í stöðu aðstoðar- eða skólastjóra þarf ekki að mæta 3. júní** heldur nægir þeim að mæta eingöngu þann 4. og 5.

Allir leiðbeinendur 17 ára og eldri þurfa að sækja Verndum þau ef þau hafa ekki sótt það námskeið síðustu 4 árin eftir að það varð 17 ára. Sérstök athygli er vakin á að það starfsfólk sem sótti námskeiðið síðast sem vinnuskólaliðar þarf að sækja námskeiðið aftur.

Skólastjórar þurfa að hafa gilt skyndihjálparskírteini, það þarf að endurnýja á tveggja ára fresti. Stjórnendur sem sóttu námskeiðið síðast fyrir tveimur árum geta þannig sótt námskeiðið fyrra kvöldið til að endurnýjað þau. Aðrir þurfa að sækja námskeiðið bæði kvöldin. Æskilegt er að aðstoðarskólastjórar sæki námskeiðið líka til að þau hafi öryggið til að bregðast við slysum.

Útilífsskólar sem hyggjast sækja Öskjuhlíðina eða önnur klifursvæði í starfi sínu skulu hafa til þess þjálfað starfsfólk í klifri og sigi. Þau sem hafa engan slíkan skulu senda starfsfólk á öryggisnámskeið í klifri í Öskjuhlíð.

Nóra námskeið verða ekki haldin sérstaklega í ár heldur bjóða erindrekar skólastjórum einkakennslu á forritið. Beðið er um að skólastjórar sem þurfi slíka kennslu hafi samband við erindreka.

Vinnuskólaliðanámskeið:

Allir vinnuskólaliðar skulu mæta öll kvöld 3. – 5. júní.

Verðskrá og mætingalisti námskeiða:

Námskeið kosta á hvern starfsmann og er skátafélögum sendur reikningur fyrir þeim að námskeiðum loknum. Samhliða reikningnum verður mætingarlisti með tímafjölda sem hver aðili sat námskeið sendur skólastjórum

Verð námskeiða er:

Stjórnendanámskeið – 3.000 krónur

Vinnuskólaliðanámskeið – 2.500 krónur

Skyndihjálparnámskeið – 9.500 krónur

Öryggisnámskeið í klifri – 3.000 krónur

Verndum þau - FRÍTT

Skráning á námskeið

Eins og hafði áður komið fram verður sú nýbreytni í ár að skólastjórar hvers útilífsskóla skila inn skráningum fyrir sína starfstöð til BÍS. Ef að aðilar bætast við verða skólastjórar að láta vita sérstaklega af því. **Með þessu upplýsingabréfi fylgir skráningarform sem erindrekar BÍS munu sækjast eftir hjá skólastjórum miðvikudaginn 25.5.2020.**

Heilræði varðandi námskeið:

Námskeiðsdagana má nýta sem undirbúningsdaga starfsfólks. Eftir námskeiðin getur starfsfólk hvers skóla setið lengur í Skátamiðstöð til að sinna sínum verkefnum og notið þjónustu BÍS og SSR eftir því sem við á. Þá getur verið gott að eldra starfsfólkið sinni innkaupum, uppsetningu í skátaheimili og öðrum undirbúningsverkefnum í framhaldi af námskeiðunum.

Við mælum síðan sérstaklega með því að allt starfsfólk hvers útilífsskóla hittist saman milli stjórnenda og vinnuskólaliða námskeiðsins einhvern einn daginn í sínu skátaheimili og fari yfir hvernig starfinu verður háttað á hverri starfstöð.

SGS VERIFIED WOSM QUALITY STANDARD Good Governance & Scouting Best Practices www.sgs.com/gsat